

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2026, miðvikudaginn 16. september var haldinn 440. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14 og hófst kl. 07:37.

Mættir: Þorvaldur Daníelsson Reykjavík, Andri Steinn Hilmarsson Kópavogi, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir Garðabær, Kristín Thoroddsen Hafnarfirði, Valdimar Birgisson Mosfellsbæ og Magnús Benediktsson Seltjarnarnesi.

Jafnframt: Magnús Árnason, Atli Steinn Árnason og Helga Björnsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skíðadeilda Ármanns, Breiðabliks, ÍR og KR dags. 9. janúar 2026 með beiðni um endurgjaldlausan aðgang að skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins fyrir stjórnir, fag- og mótanefndir.

Samstarfsnefndin samþykkir að félögin sem halda úti starfsemi á skíðasvæðinu fái sem nemur sjö fullorðins vetrarkortum skv. gjaldskrá skíðasvæðanna. Styrknum skal úthlutað í desember ár hvert.

Þjálfarar skíðadeilda fái frítt kort samkvæmt nánara samkomulagi þar um.

2. Fram fer kynning á þjónustukönnun sem lögð var fyrir gesti skíðasvæðanna í maí 2026 til allra sem höfðu átt árskort eða dagpassa seinustu 2 ár.

Jóhanna Garðarsdóttir deildarstjóri á skrifstofu menningar- og íþróttasviðs situr fundinn undir þessum lið.

3. Lagt fram sex mánaða rekstaruppgjör skíðasvæðanna 2026.

Andrés B Andreassen fjármálastjóri menningar- og íþróttasviðs situr fundinn undir þessum lið.

4. Lögð fram drög að gjaldskrá skíðasvæðanna fyrir 2027.
Frestað.

5. Lagt fram bréf SSH dags. 14. september 2026 þar sem fram kemur að erindi samstarfsnefndar skíðasvæðanna um umfjöllun um breytingar á framkvæmdaáætlun vegna Skálafells hafi verið lagt fram á fundi SSH 7. september og verið vísað til verkefnahóps skíðasvæðanna.

6. Lagt fram minnisblað forstöðumanns dags. 15. september 2026 varðandi stöðuna í fjöllum.

Fundi slitið kl. 09:07.

Þorvaldur Daníelsson

Andri Steinn Hilmarsson
Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir
Magnús Benediktsson

Kristín Thoroddsen
Valdimar Birgisson